

Frá skólamálanefnd

*Móttaka nemenda frá öðrum þjóðlöndum*

Félag grunnskólakennara hvetur til þess að metnaður sé lagður í móttöku nemenda frá öðrum þjóðlöndum og leggur áherslu á að brýnt er að styrkja kennslu bæði í íslensku og móðurmáli þessa hóps.

Það hefur sýnt sig að nýir Íslendingar skila sér illa inn í framhaldsnám og því þarf að huga sérstaklega að stuðningi við þá í námi í grunnskólum og efla þannig menntunarstig þeirra.

Mikill skortur er á námsefni við hæfi. Nauðsynlegt er að nýta þá þekkingu sem hefur safnast á undanförunum árum og útbúa námsefni sem hentar þessum hópi nemenda.